





### Fylgiskjal með Skipulagsuppdrætti

Byggingar og skipulagsskilmálar fyrir svæði sumarhúsa í landi Sulta í Kelduhverfi.

1. Nafn sumarhúsahverfis er: Stekkjarbyggð

2. Vegir: Þjóðvegur nr. 85 liggur um Kelduhve..ið og er afleggjari af honum upp að bænum Sultum. Um 2 kílómetra akstur er frá Þjóðvegi upp að Sultum. Vegur verður lagður frá Sultum að sumarbústaðasvæðinu og kostnaður verður borinn af landeigendum. Gert er ráð fyrir sameiginlegu bílastæði utan sumarbústaðahverfissins líkt og sýnt er á uppdrætti.

3. Girðing: Land Sulta er girt fjárheldri girðingu eins og sýnt er á uppdrætti. Ekki er gert ráð fyrir girðingu umhverfis einstakar lóðir á sumarbústaðasvæðinu.

4. Skógrækt: Fyrirhuguð er trjárækt á svæðinu til að auka skjól og útivistargildi. Fyrirhuguð trjáræktarsvæði eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Plöntun er þegar hafin í Bæjarsult og Stekkjarsult.

5. Lóðir: Flatarmál hverrar lóðar er um 2.000 fermetrar.

6. Sumarhús: Sumarhús skulu vera af stærðinni 20 til 60 fermetrar og byggð úr og klædd með timbri. Þakhalli skal vera á bilinu 15° til 45° og mesta mænishæð 4,5 metrar. Mænisstefna verði samsíða lóðarmörkum, því sem næst frá norðaustri til suðvesturs.' Litaval skal vera í samræmi við við umhverfi sem kostur er, sérstaklega þök. Endanleg staðsetning húsa á lóðum skal ákveðin í fullu samræmi við bygg.ngarnefnd og byggingarfulltrúa.

7. Útivistarsvæði: Gert er ráð fyrir sameiginlegu leiksvæði í Stekkjarsult og þar framanvið. Svæðið býður upp á úrval gönguleiða og eru helstu gönguleiðir sýndar á uppdrætti.

8. Vatnsveita: Neysluvatn til sumarhúsanna verður fengið frá vatnsveitu Kelduhverfis gegnum núverandi vatnslögn til Sulta.

9. Skolpveitur: Fyrirhugaðar rotþrær eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Auk fráveitulagna frá einstökum húsum er gert ráð fyrir salernis og þrifaaðstöðu sem nýttist eigendum sumarhúsanna og hugsanlegum tjaldgestum.

10. Rafmagn: Sumarbústaðaeigendur greiði kostnað við tengingu við raforku.

### SKÝRINGAR

- NÚMER SUMARBÚSTAÐALANDS
- MELAR OG KLAPPIR
- MÓI - LYNG
- GRASLENDI
- GARÐUR
- KLETTAR
- ROTÞRÓ
- GIRÐING
- VEGUR
- SKÓGRÆKT
- VEGARSLÓÐI
- GÖNGUSTÍGUR
- JARÐSPRUNGA

| Uppdráttarnr. | Sveitarf.nr. | Nr. avfl | Dagsetning | Yfirnúmer |
|---|---|---|---|---|
| 2655 | 6701 | 1 | 29.09.1993 | |

Breytingar:

**TÆKNIÞJÓNUSTAN HF.**
GARÐARSBRAUT 18 - HÚSAVÍK

SULTIR Í KELDUHVERFI

SKIPULAG SUMARBÚSTAÐALÓÐA Í STEKKJARBYGGÐ

| | |
|---|---|
| Hannað: | G.H |
| Teiknað: | F.R. |
| Dagsetn.: | JAN 1992 |
| Samþ.: | |
| Mælikv.: | 1:2000 |
| TEIKN. NR. | 92.02. |